

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Mjólkurbús Flóamanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1946.

Nr. 133/1946. **Réttvísni og valdstjórnin**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Árna Magnúsi Bjarnasyni**

(Ragnar Jónsson cand jur.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðaslys. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Ágreiningur dómenda.

### Dómur hæstaréttar.

Strætisvagn sá, er ákærði ók, þegar slysið varð, er þannig gerður, og sæti bifreiðarstjóra og gluggum þannig hagað, að útsýn fram fyrir vagninn og þó einkum til hliðar er mjög takmörkuð. Þykir varhugavert að telja ákærða til sakar, að hann sá ekki dreng þann, sem fyrir slysinu varð, fyrr en það var orðið. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Lögreglumenn þeir, er fyrst komu á vettvang, létu ekki athuga ástand strætisvagnsins, og bar þeim þó sérstaklega að láta rannsaka ljósabúnað hans og hemla. Verður að átelja þessa vangæzlu þeirra.

## D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytninguþlaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar og cand. jur. Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

**Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og  
hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Sjónarvottar að slysi því, sem í máli þessu greinir, skýra svo frá, að barn það, sem bana beið, hafi hlaupið fyrir bifreiðina, lent á framvara hennar og orðið síðan undir henni. Ákærði varð samt ekki barnsins var fyrir en eftir að hann, þ. e. ákærði, fann hnykk í bifreiðinni og heyrði óp fólks, sem í bifreiðinni var, en það sá barnið hlaupa fyrir hana og hverfa undir hana. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 skal ökumaður hafa góða útsýn fram eftir vegi og til hliðar, og ber hann ábyrgð á, að ökutæki hans sé í lagi, og skal geta stöðvað það snögglega, ef með þarf. Slysi það, sem nú var lýst, varð í þröngri götu, þar sem börn voru á ferð. Var ákærða því-rik ástæða til að sýna sérstaka aðgæzlu og varfærni, hafa vakandi auga á börnunum og vera við því búinn að stanza snögglega, ef börnin hlypu út á akbrautina og fyrir bifreiðina. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann á barn, sem var á hlaupum á götunni ásamt öðrum börnum og komið var fram fyrir bifreiðina frá hægri hlið, miðað við ákærða, án þess að hann veitti því athygli. Aðalorsök slyssins má að vísu rekja til atferlis barnsins, en ætla verður, að ákærði hefði mátt afstýra slysi, ef hann hefði ekið nógu gætilega og tekið eftir barninu í tæka tíð. Verður því að telja, að ákærði hafi með aðgæzluskorti orðið samvaldur að dauðaslysi barnsins, enda getur það ekki leyst hann að fullu undan sök, að útsýn er mjög óhæg úr sæti bifreiðarstjóra í bifreið þeirri, sem hann hafði tekið að sér að aka og hann bar því ábyrgð á, sbr. 4. gr. laga nr. 24/1941.

Með framangreindu háttarni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215. gr. laga nr. 19/1940, 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkissjóð, er aflánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, og máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang eftir slysið, létu ekki fara fram rannsókn á strætisvagninum, einkum ljósabúnaði hans og hemlum.

#### Dómsorð:

Ákærði, Árni Magnús Bjarnason, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, er aflánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuleyfi eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Ragnars lögfræðings Jónssonar, kr. 300.00, og máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Sveinbjörns hæstaréttarlögmans Jónssonar og Ragnars lögfræðings Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. júlí 1946.

Ár 1946, laugardaginn 6. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2236/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Árna Magnúsi Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 4. s. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Árna Magnúsi Bjarnasyni bifreiðarstjóra, Laugarnesvegi 67, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 18. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. febr. 1923 í Reykjavík, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 13. febrúar s. l., kl. 18, ók ákærði strætisvagninum R. 975, en í honum var margt farþega, frá Lækjartorgi upp Bankastræti og Skólavörðustíg, austur Njálsgötu og beygði suður Gunnarsbraut og hugðist nema staðar á viðkomustað rétt sunnan við Skarphéðinsgötu, en norðan megin við gatnamót Gunnarsbrautar og Skarphéðinsgötu varð 5 ára drengur, Garðar Hólm Sigurgeirsson, fyrir bifreiðinni og hlaut bana af.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið eftir vinstri (nyrðri) brautarhelming Njálsgötu og tekið bugðuna stóra inn á Gunnarsbraut, en á gatnamótum þessum er mjög þröngt, auk þess sem hann kveður græna vörubifreið hafa staðið vestan megin á Gunnarsbrautinni milli Njálsgötu og Skarphéðinsgötu, en ekkert af vitnum þeim, sem um þetta atriði hafa borið, minnst þessa. Kveðst ákærði hafa ekið með 15 til 20 km hraða, miðað við klukkustund, eftir Njálsgötu, áður en hann beygði suður Gunnarsbraut, en þá dregið úr hraðanum og ekið bifreiðinni, sem er 4 giruð, í 3. gir og telur, að hraði hennar hafi varla verið meiri en 10 km, miðað við klukkustund. Á Gunnarsbraut segist hann svo aðeins hafa aukið við hraðann, til þess að bifreiðin rynni að viðkomustaðnum sunnan við Skarphéðinsgötu, en milli hennar og Njálsgötu er mjög stuttur spotti. Ákærði kveðst, rétt eftir að hann hafði ekið inn á Gunnarsbraut og bifreiðin orðin svo að segja rétt fyrir á götunni, hafa heyrt slink, eins og eitthvað kæmi utan í bifreiðina, en ekki orðið var við, að nokkuð yrði fyrir hjólum hennar, og um leið hafi einhver eða einhverjir farþeganna hljóðað upp yfir sig. Kveðst ákærði þá hafa hemlað strax, og hafi bifreiðin stanzað þegar í stað. Ekki kveðst hann hafa skipt um gir, er hann stöðvaði bifreiðina, en stöðvað vél hennar og haft hana í gir, þegar hann steig út úr vagninum. Þá segist hann hafa slökkt á ljóskerum bifreiðarinnar, en man ekki, hvort logaði á afturljóskerinu og öðru „parkljóskerinu“, en telur þó, að þau hafi bæði verið biluð. Er bifreiðin hafði verið stöðvuð, stóð hún þvert fyrir Skarphéðinsgötu. Fyrir aftan vinstri afturhjóla bifreiðarinnar, en þau eru tvöföld, og undir henni lá drengurinn, Garðar Hólm Sigurgeirsson, meðvitundarlaus. Var lögreglunni gert aðvart um slysið og einnig

eftirlitsmanni strætisvagnanna. Ákærði ók svo drengnum upp að Landspítala, en hann mun hafa látizt á leiðinni þangað.

Ekki kveðst ákærði vita, hvaðan drengurinn kom, og ekki orðið var við hann, fyrr en slysið var um garð gengið. Hann hafi ekki orðið var við, að börn hlypu austur yfir Gunnarsbraut í átt frá Njálsgötu. Kveður hann hemla bifreiðarinnar og annan útbúnað hafa verið í góðu lagi, en er ekki viss um, að ljós hafi verið á báðum ljóskerunum, vel geti verið, að ekki hafi logað á ljóskerinu hægra megin, en er viss um, að logað hafi á hinu. Ekki hefur tekizt að upplýsa þetta, enda var bifreiðin ekki skoðuð eftir slysið. Þá kveður ákærði útsýni vera mjög lítið úr strætisvögnum, þegar þeir eru fullir af fólki. Sjáist sérstaklega illa út um hægri hliðarrúðuna, þar eð hæði dyrastafur og farþegar byrgi mjög útsýnið. Ákærði var að öllu leyti vel fyrir kallaður, var vanur að aka strætisvagninum þessa leið og hafði ekið honum þenna dag frá klukkan 13. Hann kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum og hvorki verið að taka á móti peningum af farþegum né gefa þeim til baka.

Af farþegum þeim, sem í strætisvagninum voru í umrætt skipti, hafa verið yfirheyrð vitnin Bárður Óli Pálsson verkstjóri, Skeggjagötu 6, 35 ára að aldri, Ólafur Georgsson verzlunarmaður, Freyjugötu 46, 28 ára að aldri, en þeir stóðu báðir í miðjum vagninum og sáu því eigi, hvernig slysið skeði, og Helga Jensen húsfreyja, Leifsgötu 15, 43 ára að aldri, sem kveðst hafa setið hægra megin í strætisvagninum í 3. sæti, talið framan frá.

Vitnið Bárður Óli kveður bifreiðinni hafa verið ekið í kröppum boga á Njálsgötu og inn á Gunnarsbraut og muni hún hafa verið sem næst þein fyrir á götunni, er slysið varð. Ekki varð það vart við, að hjól bifreiðarinnar færu yfir drenginn. Telur vitnið, að hraði bifreiðarinnar hafi verið um 20 km, miðað við klukkustund, eftir að henni var ekið inn á Gunnarsbraut, en þar hafi bifreiðarstjórinn aukið lítillaga hraðann, og fannst vitninu ákærði aka greitt og ógætilega á þessum gatnamótum. Kveður vitnið ákærða hafa hemlað, er einhver farþeganna hljóðaði upp yfir sig, en þó ekki snögg, og bifreiðin runnið talsvert áfram. Hemlar hafi þó verið góðir, því skömmu áður, er bifreiðinni var ekið yfir Hringbraut, hafi hún verið stöðvuð mjög snögglega vegna bifreiðar, sem þar var á ferð. Ekki varð vitnið vart við, að ákærði skipti bifreiðinni í lægri gir, og ekkert hljóð kveðst það hafa heyrt í girkassa. Þá segist það ekki hafa séð greinileg hemlaför eftir bifreiðina og ekki tekið eftir ljósaútbúnaði hennar.

Vitnið Ólafur Georgsson kveður ákærða hafa hægt á hraða bifreiðarinnar, áður en hann ók af Njálsgötu inn á Gunnarsbraut, og telur, að hraði hennar hafi verið 5 til 10 km, miðað við klukkustund, þegar slysið skeði. Ekki kveðst það geta sagt um, hvort ekið

hafi verið í krappri bugðu um þessi gatnamót. Skömmu eftir að ekið hafði verið inn á Gunnarsbraut, kveðst vitnið hafa heyrt eins og barnshróp, en ekki séð drenginn verða fyrir bifreiðinni né orðið vart við, að nokkuð yrði fyrir hjólum hennar. Rétt í þessu var strætisvagninn stöðvaður, en ekki snöggt, heldur eins og þeir almennt eru stöðvaðir hjá viðkomustöðvum, og taldi vitnið svo vera, þar til einhverjir af farþegunum voru komnir út úr bifreiðinni. Ekki tók vitnið eftir ljósaútbúnaði bifreiðarinnar, en hemla kveður það hafa verið í góðu lagi, því að á gatnamótum Barónstígs og Njálsgötu hefði ákærði orðið að stöðva bifreiðina mjög snöggt til að forðast árekstur.

Vitnið Helga Jensen hefur borið það, að dregið hafi verið úr hraða bifreiðarinnar, um leið og henni var ekið inn á Gunnarsbraut, og hraði hennar ekki aukinn eftir það, en veit ekki, hvort sú bugða hafi verið tekin kröpp eða stór. Telur vitnið, að bifreiðin hafi verið orðin bein fyrir vinstra megin á götunni, þegar slysið skeði. Rétt áður kveðst vitnið hafa litið út um hægri hliðarrúðu strætisvagnsins og séð þá drenginn koma hlaupandi og hverfa undir bifreiðina, en er ekki öruggt um, hvaðan hann kom. Kveðst það svo hafa heyrt iskur, og strætisvagninn þá verið stöðvaður strax, en ekkert runnið til.

Vitnið Ingólfur Gísli Gústafsson, Fálkagötu 19, 14 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi ekið á reiðhjóli norður Gunnarsbraut og verið komið aðeins norður fyrir Skarphéðinsgötu, þegar strætisvagninum var ekið af Njálsgötu suður Gunnarsbraut. Kveður það honum hafa verið ekið í stórri bugðu á þessum gatnamótum, nokkuð hratt og hann verið beinn fyrir á götunni, er drengurinn varð fyrir miðjum framvara bifreiðarinnar, en hann hafi komið hlaupandi fyrirvaralaust af vestari gangstétt Gunnarsbrautar. Segir það hann hafa kastast lítið eitt frá bifreiðinni, orðið síðan undir henni miðri, en hjól hennar muni ekki hafa farið yfir hann. Kveður það bifreiðina hafa verið hemlaða um leið og hún rakst á drenginn, en dregið lítið eitt til á götunni, og hafi drengurinn legið á sama stað eftir slysið og þegar hann varð fyrir bifreiðinni.

Hjá viðkomustað strætisvagnanna á Gunnarsbraut rétt sunnan við Skarphéðinsgötu biðu komu strætisvagnsins Jón Guðjónsson Jónsson verksmiðjustjóri, Viðimel 40, 44 ára að aldri, Ólafur Helgi Auðunsson bifreiðarstjóri, Ránargötu 7, 40 ára að aldri, og Garðar Karlsson skógerðarmaður, Tjarnargötu 45, 25 ára að aldri.

Vitnið Jón Guðjónsson Jónsson kveður strætisvagninum hafa verið ekið í nokkuð krappri bugðu af Njálsgötu suður Gunnarsbraut á þeim hraða, sem stæfivögnum er almennt ekið á, og hafi hann um það bil verið orðinn réttur fyrir vinstra megin á akbrautinni, er slysið varð. Ekki getur vitnið sagt um, hvort aukið hafi verið við hraða bifreiðarinnar á Gunnarsbraut, en telur, að

það hafi ekki verið gert. Ekki minnst það, að nokkuð hafi verið athugavert við ljós bifreiðarinnar. Það kveðst hafa séð þrjá drengi að leik vestan megin á Gunnarsbraut skammt frá Skarphéðinsgötu. Skyndilega hafi einn drengjanna hlaupið þvert yfir götuna, lent sem næst á miðjum framvara bifreiðarinnar, kastast einn til tvo metra frá henni og svo orðið undir henni miðri. Telur vitnið, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir drenginn og að hann hafi legið sunnar á Gunnarsbrautinni eftir slysið, eins og hann hefði dregið eitthvað til með henni. Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að hægt væri á bifreiðinni, er hún rakst á drenginn, ekki orðið vart við iskur í bremsum né heldur, að skipt væri um gir.

Vitnið Ólafur Helgi Auðunsson kveður strætisvagninum hafa verið ekið á venjulegum hraða, en treystir sér ekki til að segja um, hvort honum hafi verið ekið á stórru bugðu inn á Gunnarsbraut eða hert á hraða hans þar. Virtist því drengurinn koma hlaupandi frá vestari gangbraut Gunnarsbrautar eða Skarphéðinsgötu og verða fyrir miðjum framvara bifreiðarinnar, er þá muni hafa verið rétt fyrir vinstra megin á götunni. Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að drengurinn kastaðist frá bifreiðinni, heldur væri eins og hann hyrfi undir hana miðja, og hafi ákærði eigi virzt taka eftir þessu, því að hann stöðvaði ekki bifreiðina fyrr en einhver hrópaði til hans. Virtist vitninu hún kastast lítið eitt til og fannst það heyra hljóð úr girkassa hennar, eins og verið væri að skipta í lægri gir. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir því, hvort ljós væri á báðum ljóskerum bifreiðarinnar, þegar henni var ekið suður Gunnarsbraut, en þegar bifreiðin hafði verið stöðvuð eftir slysið, segist vitnið hafa tekið eftir því, að ljós var aðeins á vinstra ljóskerinu, en man ekki, hvort ljósunum hafði þá verið breytt eða aðeins hafi logað á „parkluktum“. Ekki kveðst vitnið hafa getað séð, að drengurinn yrði undir hjólum bifreiðarinnar, og telur, að drengurinn hafi legið sunnar og nær gangstéttinni, eftir að bifreiðin var stöðvuð, heldur en þegar hann féll við aksturinn.

Vitnið Garðar Karlsson kveður bifreiðinni hafa verið ekið á venjulegum hraða strætisvagna og gizkar á um 20 km, miðað við klukkustund, og telur, að ekki hafi verið aukið við hraða hennar, eftir að hún var komin inn á Gunnarsbraut. Kveðst vitnið hafa séð tvo til þrjá krakka koma vestur yfir götuna í áttina frá Pétursbúð, sem er á horni Njálsgötu og Gunnarsbrautar, en er þeir voru komnir að vestari gangbraut Gunnarsbrautar, hafi einn drengur snúið við og hlaupið fyrirvaralaust yfir götuna og lent á miðjum framvara strætisvagnsins, sem eigi var orðinn réttur fyrir á götunni. Vitnið kveðst þó ekki vera fullviss um, nema drengurinn Garðar Hólm hafi komið vestan frá Skarphéðinsgötu eða einhvers staðar vestan megin af Gunnarsbraut. Ekki segist vitnið hafa getað séð, að drengurinn kastaðist frá strætisvagninum, heldur hafi hann orðið undir hon-

um miðjum. Hafi ákærði eigi stöðvað bifreiðina fyrr en einhver hrópaði upp, og muni hún þá hafa verið komin lengd sína frá þeim stað, er drengurinn varð undir henni. Kveður það drenginn hafa dregizt með bifreiðinni, þannig að hann lá sunnar á Gunnarsbrautinni en þar, sem bifreiðin rakst á hann. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir ljósum bifreiðarinnar og ekki heldur, að skipt hefði verið í lægri gir.

Lögregluþjónarnir Einar Ásgrímsson og Bergsteinn Jónsson fóru að slysstaðnum, en er þeir komu þangað, hafði drengnum verið ekið í strætisvagninum að Landspítalanum. Engin bremsuför voru sjáanleg á slysstaðnum, enda gatan rök og umferð hafði verið mikil. Blóðpollur var sjáanlegur við gatnamót Gunnarsbrautar og Skarphéðinsgötu. Uppdráttur var gerður af slysstaðnum, réttarskj. nr. 2, þar sem blóðpollurinn var markaður á, og telja bæði vitni og ákærði, að drengurinn hafi legið nærri þeim stað eftir slysið.

Eins og fyrr greinir, kveður ákærði bifreið hafa staðið vestan megin á Gunnarsbraut milli Skarphéðinsgötu og Njálsgötu, en ekkert af vitnum, sem um þetta atriði hafa borið, minnst þess. Var haldin framhaldsrannsókn, hvað þetta atriði snerti, og meðal annarra yfirheyrdur Magnús Tómas Jónasson bifreiðarstjóri, Njálsgötu 104, 29 ára að aldri. Kveðst hann aka dökkgrænni vörubifreið, R. 2668, og oft skilja við hana vestan megin á Gunnarsbraut á fyrrgreindum vegarspotta, en man ekki, hvort hún hefur staðið þar, þegar slysið varð. Segist hann ekki hafa frétt um slysið fyrr en um kvöldið, þegar hann kom heim til sín, og man ekki, hvort hann var þá fótgangandi eða í bifreið. Meðan verið var að yfirheyra Magnús Tómas, kveðst ákærði hafa séð bifreiðina R. 2668 fyrir framan húsið Frikirkjuveg 11, skrifstofu sakadómara, og hafi það verið sama bifreiðin og stóð á Gunnarsbraut milli Njálsgötu og Skarphéðinsgötu, er slysið varð.

Eins og að framan getur, andaðist drengurinn á leiðinni að Landspítalanum, og leiddi krufning í ljós, að botn höfuðkúpunnar hafði brotnað mjög mikið. Segir í vottorði Rannsóknarstofu háskólans, að dauðaorsökin hafi verið hið mikla brot á kúpubotninum, sem skyndilega hefur orsakað mikið rask á heilabúinu.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði eigi hafa sýnt óvarkárni og effirtektarleysi við akstur bifreiðarinnar, þótt hann hafi ekki komið auga á drenginn, enda virðist útsýni bifreiðarstjóra úr strætisvagninum eigi nægilegt, og alls óvist, að takast mætti að afstýra slysinu, þó að ákærði hefði komið auga á drenginn, þegar hann hleypur skyndilega á framvara bifreiðarinnar. Að öllu athuguðu verður ákærði eigi talinn bera refsiverða sök á dauða drengsins, og ber því að sýkna hann af öllum ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur málskostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Magnús Bjarnason, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946.

Nr. 143/1945. **Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson**

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

**Ólafi Stefánssyni og gagnsök**

(Hrl. Egill Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sýknað af bótakröfu vegna brottvikningar skipstjóra.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, með meðdómsmönnum Gísla Eylands og Benedikt Steingrímssyni.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 5. nóv. 1945, og gert þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu án eða með skuldajöfnuði við gagnkröfur, er þeir telja sig hafa gegn gagnáfrýjanda til bóta fyrir tjón, er hann hafði bakað þeim með afglöpum í starfi sínu í þeirra þjónustu. Til vara hafa þeir krafizt lækkunar á kröfu gagnáfrýjanda. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz